

Góðan dag.

Við þökkum fyrir ykkar traust um að gefa álit á þessu stóra málefni.

Hér með kemur umsögn og álit Bruggsmiðjunnar Kalda um áfengisfrumvarpið.

Það er okkar skoðun að breyting á lögum varðandi verslun með áfengi og tóbak sé ekki til bóta fyrir bjórframleiðendur á Íslandi, til að mynda okkur. Okkar áhyggjur eru nokkurra þátta, og teljast þær hér upp :

-Aukið aðgengi fólks á öllum aldri verður stóraukið.

-Verðsamkeppni mun reynast erfið fyrir minni brugghúsin í landinu, sem kemur niður á atvinnusköpun.

-Verðlagning mun taka á sig breytta mynd sem mun ekki vera af hinu góða fyrir fyrst og fremst minni brugghúsin.

-Fyrirkomulag ÁTVR hefur reynst mjög vel, þó megi skoða breytingar og meiri sveigjanleika. Allir sitja við sama borð hjá ÁTVR.

-Á meðan áfengisgjöld á Íslandi eru eins há og raun ber vitni, þá teljum við það ekki farsælt að fara með áfengi og tóbak í frjálsa verslun.

Ísland hefur fengið mikið hrós fyrir okkar fyrirkomulag í sölu áfengis og tóbaks, og við teljum það styðja við okkar lýðheilsu.

Þar að leiðandi erum við alfarið á móti þessu frumvarpi.

Kær kveðja, fyrir hönd Bruggsmiðjunnar Kalda  
Agnes Anna Sigurðardóttir